

Sjávareldi ehf
Stekkjargötu 11
410 Hnífsdalur

Reykjavík, 2. ágúst 2019
UST201901-304/H.S.J.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit, 07.06. 2019, hjá Sjávareldi ehf

Þann 7. júní sl. fór fram eftirlit í Sjávareldi ehf, Skutulsfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu er varða gildandi starfsleyfi. Tvö frávik komu fram er varða:

1. Gr. 1.4 í starfsleyfi. Bæta þarf þjálfunarskráningar starfsmanna og skráningar á meðhöndlun og magni úrgangs vantar. Skv. upplýsingum frá 5. júlí 2019 hefur rekstraraðili bætt bókum í báta til aukinna skráninga, m.a. magns úrgangs.
2. Ákvæði starfsleyfis. Starfsleyfi tekur til eldis þorsks. Rekstraraðili hefur nýlega klárað að slátra upp úr kvíum regnbogasilungi sem hefur verið í eldi á svæðinu síðan 2017, þrátt fyrir eldra frávik vegna tegundar árið 2016. Rekstraraðili hefur sótt um undanþágu til ráðherra vegna þessa.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 26. ágúst, 2019.

Virðingarfyllst

Hulda S Jónasdóttir

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius

Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Afrit í tölvupóst: Heilbrigðisnefnd Vestfjarða

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíældi**

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila: Sjávareldi ehf	Dags. eftirlits: 07.06.19	Staðsetning stöðvar: Skutulsfjörður	Brottfallinn starfsleyfisflokkur: 4
Kennitala rekstraraðila: 531011-1040	Gildistími starfsleyfis: 2.12.2023	Kvittun afhend: Já	Gerð stöðvar: Sjókvíældi, allt að 200 tonn

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?		X		Leyfi tekur til þorsks, en einungis hefur verið alinn regnbogasilungur á svæði Sjávareldis seinustu ár, þrátt fyrir frávik í eftirlitsskýrslu 2016.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?		X		<p>Búið að sækja um 700 tonna starfsleyfi Hábrúnar, sem þetta leyfi mun falla inn í.</p> <p>Fiskur er alinn á svæði Sjávareldis, innsta svæði fjarðarins, þar sem er verið að klára að slátra upp um þessar mundir og skipta út kvíabúnaði þar til samræmis við búnaðarstaðla.</p> <p>Verið er að setja út í miðsvæði í vœtanlegu leyfi, svæði Hábrúnar.</p> <p>Fiskur hefur verið á ysta svæði fjarðarins sem eftirlitsmaður taldi, við eftirlit í desember, að tilheyrði starfssemi Hábrúnar. Þetta eldissvæði er innan marka í vœtanlegu leyfi en ekki eru í gildi starfs- og rekstrarleyfi fyrir eldi á þessari staðsetningu.</p>
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).		X		<p>Skráningar eru góðar um borð í fôðurbátum. Skáning á fôðurnotkun og afföllum í stykkjatali og þyngd, skyggni og hitastig vatns, en ekki súrefni.</p> <p>Losun efna er reiknuð út frá fôðurskráningum.</p> <p>Bæta þarf þjálfunarskráningar starfsmanna og skráningar á meðhöndlun og magni úrgangs vantaði. Skv. upplýsingum 5. júlí</p>

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíældi**

				hefur rekstraraðili bætt bókum í báta til skráningar magns úrgangs.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?		X		Á ekki við.
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?		X		Á ekki við.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	X			
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?		X		Á ekki við.
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			
Er neyðaráætlun til staðar?	X			

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?			X	Á ekki við.
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmynndun sé í lágmarki?	X			Fóðurformúla miðar við hitastig, um 0,8% við 5°C. 1-1,3 af lífmassa við góðar aðstæður, góðan hita. Fjöldi, afföll talin, þyngdarprufur til að fylgjast með lífmassa. Ætlar að leigja lífmassamæli.
Er skráning á losun fósþors og köfnunarefnis? Eru losunarmörk vört? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	X			Er reiknað út frá fóðurnotkun. Ekki hefur verið mælt.

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíældi**

Hvernig er fylgst með uppsöfnun fóðurleifa – þarf að fylgjast með?	X X			Myndavélar fylgjast með fóðrun. Kafarar fylgjast með að það hreinsi. Enginn fugl sjáanlegur.
Er mikið af þörungablóma eða fugli í nágrenninu?		X		Nei. Sjá umfjöllun undir breytingar á starfssemi hér að ofan.
Hver er fjöldi kvíá, stærð þeirra og áætlað magn og stærð fiskjar?	X			22/23 metrar undir kvíum. Innsta svæði Sjávareldi: 70/80 tonn eftir, 3 kvíar eftir með fiski í vetur. Mið svæði: 200 þús fiskar 20 tonna lífmassi sem fer út, 100 g stykkið, frá Wolfgang, áætluð slátrun haust 2021. Ysta svæði: Um 220 þús fiskar, 900gr sett út í júlí sl á og slátra á október/nóv næsta haust.
Hvenær er áætluð slátrun úr kvíum? Hvar verður slátrað? Hver tekur við slógi? Hvenær er næsta útsetning seiða áætluð?	X			Sjá hér að ofan. Plan að setja upp að slátra í hverri viku, vegna eftirspurnar eftir fiski.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka?			X	Engar efnamælingar hafa verið gerðar.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			Safna afföllum, frysta og setja í förgun hjá Gámaþjónustu. Einnig er til staðar samningur við Klofning vegna mikilla affalla.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?			X	Ekki er fjallað um umhverfisvöktun í leyfi.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.			X	Á ekki við.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Á ekki við.
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar?	X			Skv. vöktunaráætlun nýs leyfis Hábrúnar árið júlí 2019.

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíaeldi**

Er það skv. starfsleyfi?				Rorum sér um mælingar.
Hver sér um mælingarnar?				

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Tvö frávik komu fram við eftirlitið er vörðuðu tegund fiskjar sem alinn er og skráningar. Tveim ábendingum var komið á framfæri.

Samantekt:	Eldra frávik er varðar tegund fiskjar er ítrekað. Rekstraraðili hefur sótt um undanþágu til ráðherra vegna þess. Rekstraraðili hefur hafið eldi á svæðum sem eru ekki innan marka gildandi starfs- og rekstraraleyfa Sjávareldis og Hábrúnar.
Annað:	Bæklingur um umhverfismarkmið var kynntur.

Undirskrift eftirlitsmanns:

Hulda S. Jónasdóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sjávareldi ehf. Skutulsfirði

UMHVERFISSTOFNUN


Dags eftirlits	7.6.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Sjávareldi ehf.	Eftirlitsmaður	
Heimili	Aðalstræti 24	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	531011-1040	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Davíð Kjartansson	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	66°05.09'N 23°06.02'V

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram við eftirlitið. Annað er ítrekun á eldra fráviki og varðar tegund fiskjar sem alinn er. Eitt nýtt frávik kom fram er varðar skráningar. Tvær ábendingar eru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Umhverfisstofnun og vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Starfsstöð Sjávareldis í Hnífsdal var heimsótt.

Farið var yfir starfsleyfismál, skráningar og áætlanir.

Umsókn Hábrúnar vegna 700 tonna framleiðslu regnbogasilungs í Skutulsfirði er til meðferðar hjá stofnuninni.

Í gildi eru tvö 200 tonna starfsleyfi á svæðinu, annað gefið út til Hábrúnar og hitt Sjávareldis, bæði á hendi sama aðila. Starfsleyfi gefið út til handa Hábrún leyfir eldi regnbogasilungs en á eldissvæði Sjávareldis er einungis starfsleyfi fyrir þorskeldi í gildi. Frávik kom fram vegna tegundar sem alin er á svæðinu í eftirliti 2016. Skv. upplýsingum frá rekstraraðila hefur nýlega verið klárað að slátra upp úr kvíum, á því svæði, regnbogasilungi sem settur var út árið 2017 í heimildaleysi.

Fiskur er alinn á svæði Sjávareldis, innsta svæði fjarðarins, þar sem verið var að klára að slátra upp um þessar mundir og skipta út kvíabúnaði þar til samræmis við búnaðarstaðla. Skv. upplýsingum sem stofnunin fékk frá eftirlitsmanni MAST eftir eftirlit 2018 stóð stofnunin í þeirri trú að engin fiskur væri á svæðinu og eftirlit sem áætlað var með starfssemi Sjávareldis fór því fram m.t.t. Hábrúnar. Í eftirliti stofnunarinnar kom hinsvegar í ljós að fiskur hefur verið á svæðinu undanfarið og útsetningar rekstraraðila í júní 2019 voru á miðsvæði, sem tilheyrir starfs- og rekstrarleyfi Hábrúnar.

Frávik frá

Gr. 1.4 í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Bæta þarf þjálfunarskráningar starfsmanna og skráningar á meðhöndlun og magni úrgangs vantar. Skv. upplýsingum frá 5. júlí 2019 hefur rekstraraðili bætt bókum í báta til aukinna skráninga, m.a. magns úrgangs.

ákvæðum starfsleyfis

Starfsleyfi tekur til eldis þorsks. Rekstraraðili hefur nýlega klárað að slátra upp úr kvíum regnbogasilungi sem hefur verið í eldi á svæðinu síðan 2017, þrátt fyrir eldra frávik vegna tegundar árið 2016. Rekstraraðili hefur sótt um undanþágu til ráðherra vegna þessa.

ÁBENDINGAR

Stofnunin bendir á að fiskur hefur verið alinn á þremur svæðum í Skutulsfirði á vegum rekstraraðila að undanförnu. Ysta svæði fjarðarins, sem eftirlitsmaður taldi við eftirlit í desember að tilheyrði starfssemi Hábrúnar, er innan marka eldissvæðis sem tiltekið er í umsókn Hábrúnar, en einungis eru tvö starfsleyfi í gildi fyrir eldi í Skutulsfirði.

Stofnunin bendir rekstraraðila einnig á að ný starfs- og rekstrarleyfi Hábrúnar hafa enn ekki verið gefin út og rekstraraðila er skylt að fylgja skilyrðum gildandi starfs- og rekstrarleyfa.


ANNAÐ

Bæklingur um umhverfismarkmið var kynntur í eftirlitinu.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 02.08.2019


Hulda S. Jónasdóttir
Hulda Soffía Jónasdóttir